

Sérfræðihópar fatlaðra barna

Kæri viðtakandi

Umboðsmaður barna ætlar að setja á fót sérfræðihópa fatlaðra barna og unglunga og er að leita að þátttakendum.

Samkvæmt Barnasáttmálanum eiga öll börn sjálfstæð réttindi og eiga enn fremur að njóta sömu tækifæra. Einnig kemur þar fram að börn og unglingar eigi að geta haft áhrif á ákvarðanir og málefni sem þau varða og því er mikilvægt að þau fái tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Umboðsmaður barna starfar að því að bæta hag barna. Hann þarf því að vera í góðu sambandi við börn og unglunga og hafa upplýsingar um það hvað þeim finnst mikilvægt. Sérfræðihóparnir eru liður í því að fá fram sjónarmið fatlaðra barna og unglunga og fá upplýsingar um reynslu þeirra og skoðanir. Barninu þínu býðst að taka þátt í þessum sérfræðihópi. Við viljum biðja þig um að íhuga neðangreindar upplýsingar og eiga samtalið við barnið þitt áður en þátttaka í hópnum er ákveðin.

Sérfræðihóparnir verða tveir. Einn mun samanstanda af 6 til 8 drengjum á aldrinum 12 til 15 ára og hinn af 6 til 8 stúlkum á aldrinum 15 til 18 ára. Hóparnir munu hvor um sig hittast þrisvar sinnum á komandi mánuðum og verða fundirnir um klukkustund að lengd. Á fundunum verður rætt um Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og réttindi barna sem tilgreind eru í honum, svo sem rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós. Einnig verður rætt um annað sem börnin vilja ræða en það gæti verið t.d. skólann, tómstundir og annað sem þau telja mikilvægt.

Enginn beinn ávinningur hlýst af þátttöku. Þátttakendur fá ekki umbun né eru þeir tryggðir í verkefninu. Það er þó markmið verkefnisins að stuðla að valdeflingu fatlaðra barna og unglunga og veita þeim tækifæri til að tjá sig um það sem skiptir þau máli. Ábendingar og tillögur þeirra

munu verða dregnar saman í skýrslu í lok verkefnisins og mun nýtast í starfi umboðsmanns barna og í stefnumótun sem hann hefur áhrif á.

Í verkefninu er tekið mið af alþjóðlegum samþykktum, svo sem Helsinki-sáttmálanum og tilmælum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar um siðfræði og mannhelgi í vísindarannsóknum og hefur verkefnið hlotið jákvæða umsögn Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands. Við skrif upp úr umræðum hópanna verður þess gætt að nöfn barnanna komi hvergi fram og að frásagnir verði ekki rekjanlegar til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir að umræður hópanna verði þátttakendum krefjandi en við höfum fengið til liðs við okkur Ingu Birnu Sigfúsdóttur ráðgjafa hjá Sjónarhóli. Ef þátttakendur finna fyrir vanlíðan eftir fundi geta þeir haft samband við hana beint.

Ef barn þitt velur að taka þátt skuluð þið hafa samband við verkefnastjóra verkefnisins, en símanúmer og netfang hennar eru hér neðst á blaðinu. Hún mun koma og hitta ykkur og segja ykkur betur frá verkefninu. Barninu verður síðan boðið að mæta á fundi sérfræðihópsins, en dag- og tímasetning fundanna hefur enn ekki verið ákvörðuð. Leitað verður eftir skriflegu samþykki þeirra sem taka þátt í verkefninu og því verður þú og barnið beðið að skrifa undir upplýst samþykki, kjósi barnið að taka þátt. Alltaf er hægt að hætta þátttöku fyrirvaralaust og án útskýringa á hvaða stigi verkefnisins sem er.

Ábyrgðamaður verkefnisins er Salvör Nordal umboðsmaður barna en Hrafnhildur er verkefnastjóri og heldur utan um fundi sérfræðihópanna. Ef spurningar vakna eða þú vilt frekari upplýsingar um verkefnið getur þú haft samband við aðra hvora okkar.

Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir.

Vefpóstur hsq@hi.is, Símanúmer 525-4176 og 694 3264

Umboðsmaður barna

Vefpóstur ub@barn.is

Símanúmer: 800-5999 (gjaldfrjálst númer)